Reglugerð um kjör á íþróttamanneskjum Árborgar

1.gr.

Fræðslu- og frístundanefnd skal í umboði bæjarstjórnar Árborgar standa fyrir kjöri og útnefningu á íþróttamanneskjum Árborgar ár hvert.

2.gr.

Tilgangur viðurkenninganna er að vera hvatning til heilbrigðs og öflugs íþróttastarfs í Árborg.

3.gr.

Hlutgengi í kjörinu hefur allt íþróttafólk sem er í íþróttafélögum í Árborg eða öðrum íþróttafélögum sem Fræðslu- og frístundanefnd samþykkir og falla að öðru leyti undir reglugerðina. Óska skal eftir tilnefningum frá hverju félagi eða einstaka deild innan þess og skulu félög / deildir tilnefna tvo til þrjá einstaklinga, alla af mismunandi kyni.

4.gr.

Tilnefningum frá félögum / deildum ásamt greinargerð með upplýsingum um árangur hins tilnefnda íþróttafólks skal skila til frístundaþjónustu Árborgar til úrvinnslu.

5.gr.

Fræðslu- og frístundanefnd tilnefnir sérstaka valnefnd sem í sitja sjö einstaklingar, búsettir í Árborg frá eftirfarandi hagsmunaaðilum:

- Þrír fulltrúar úr fræðslu- og frístundanefnd
- Einn fulltrúi frá ungmennaráði
- Tveir fulltrúar frá íþróttafélögum í Árborg
- Einn fulltrúi frá svæðismiðlum

Hlutverk valnefndar er að meta tilnefningar fyrir íþróttamanneskju Árborgar og raða upp í fimm efstu sætin. Hver nefndarmaður raðar upp fimm einstaklingum en vægi sæta er eftirfarandi:

- Efsta sæti gefur 12 stig
- Annað sæti gefur 10 stig
- Þriðja sæti gefur 8 stig
- Fjórða sæti gefur 6 stig
- Fimmta sæti gefur 4 stig

Stig hverrar íþróttamanneskju eru lögð saman til að raða upp í þrjú efstu sætin í hverjum flokki.

Netkosning fer síðan fram í gegnum heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar þar sem allir geta tekið þátt og kosið það íþróttafólk sem viðkomandi finnst hafa staðið sig best það árið.

Úrslit netkosningar gildir 20% á móti heildarstigafjölda valnefndar og því fær sú íþróttamanneskja sem fær flest atkvæði í netkosningu 18 stig, sú sem fær næstflest fær 15 stig, þriðja sæti gefur 12 stig, fjórða sæti 9 stig og fimmta sæti 6 stig. Samanlagður stigafjöldi (20% netkosning og 80% valnefnd) þeirra manneskju sem flest stig fær ræður úrslitum um hvaða íþróttafólk sigrar í kjörinu.

6.gr.

Tilnefningar ásamt greinargerðum skulu sendar til hlutaðeigandi sbr. 4. gr. þegar kallað er eftir þeim. Valnefnd skal skila niðurstöðu til fræðslu- og frístundanefndar að minnsta kosti viku fyrir uppskeruhátíð. Netkosning fer fram á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar www.arborg.is.

7.gr.

Viðurkenningar fyrir sæmdarheiti íþróttamanneskja Árborgar í hverjum flokki er afhent í árlegu hófi bæjarstjórnar Árborgar og fræðslu- og frístundanefndar Árborgar sem haldið skal í kringum áramót ár hvert.

8.gr.

Styrkjum og öðrum viðurkenningum fræðslu- og frístundanefndar til íþrótta- og frístundafélaga og afreksfólks skal úthlutað á sama tíma.